



Ósafl, dótturfélag ÍAV og Marti Contractors frá Sviss, vinnur að gerð Bolungarvíkurgönga. Félagið átti lægsta tilboðið í jarðgangagerðina en það hljóðaði uppá tæpa þrjá og hálfan milljarð króna sem er um 88 % af áætluðum kostnaði.

Um er að ræða 8,7 metra breið, 5,1 km löng jarðgöng, byggingu um 310 metra langra steinsteyptra vegskála, gerð um 3,0 km langra vega og byggingu tveggja steinsteyptra brúa yfir Hnífsdalsá og Ósá.

Undirbúningur framkvæmda hófst í byrjun maí 2008 með aðstöðusköpun og mokstri inn að berginu. Byrjað var að sprengja sjálf göngin síðsumars 2008. Veturinn 2008 var gangnagerðinni svo haldið áfram og sumarið 2009 verður unnið við vegskála og vegagerð í tengslum við göngin. Gert er ráð fyrir að göngin sjálf verði að fullu grafin í október 2009 og í framhaldi af því verði ráðist í vegagerð og frágang inni í göngunum sem reiknað er með að verði tilbúin í júlí 2010.



Lengd ganga í bergi	5.156 m
Gangabreidd	8 m
Útgrafið þversnið	54 fm
Lengd vegskála í Hnífsdal	140 m
Lengd vegskála í Bolungarvík	130 m
Vegir í Hnífsdal	2.100 m
Vegir í Bolungarvík	1.600 m
Brú á Hnífsdalsá	8 m
Brú á Ósá í Bolungarvík	32 m
Áætluð verklok	15. júlí 2010
Áætlaður kostnaður (11/2007)	5.000 m.kr

Verkkaupi
Vegagerð ríkisins
Verk hafið
2008
Staðarstjóri
Rúnar Ágúst Jónsson
Verkhönnun
Hönnunardeild vegagerðarinnar
Jarðfræðistofan ehf
Mannvit
VST
Raftákn ehf
Efla verkfræðistofa

Verki lokið
Áætluð 2010
Eftirlit
Geotek
Efla verkfræðistofa
Verktaki
Ósafl - dótturfélag ÍAV
og Marti Contractors



ÓSAFL

Marti Contractors Ltd
Íslenskir aðalverktakar hf